

Fundargerð háskólaráðs 4. desember 2017

Forsetastofa kl. 12.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Guðrún Björk Friðriksdóttir verkefnastjóri nemendaskrár og fulltrúi starfsmanna, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Einar Svansson fulltrúi kennara (Skype), Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Hróðný Kristjánsdóttir fulltrúi meistaranema, Teitur Erlingsson fulltrúi grunnema, Jóhannes Geir Guðnason fulltrúi grunnema, Berglind Sunna Bragadóttir fulltrúi grunnema og Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi háskólagáttar.

Fjarverandi: Íris Gunnarsdóttir áheyrnafulltrúi íbúaráðs

Áheyrnarfulltrúar: Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Stefna skólans 2018 - 2021

Rektor kynnir stefnu skólans 2018 – 2021 sem stjórn skólans samþykkti 27. nóvember sl. Hann kynnir einnig forgangsmál stjórnar 2018 og 2019-2020.

3. Rekstraráætlun 2018

Fjármálastjóri kynnir rekstraráætlun 2018, sem stjórn skólans hefur staðfest. Ekki liggur fyrir hvert ríkisframlagið verður, en ekki er gert ráð fyrir lækkingu miðað við yfirlýsingar nýrrar ríkisstjórnar. Gert er ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu í rekstri skólans í lok árs 2018

4. Söluferli eigna

Fjármálastjóri gerir grein fyrir að undirskrift kaupsamnings vegna Sjónarhóls og hótelhæða í Hamragörðum í þessari viku. Fram kom tilboð frá þessum aðilum í fyrstu hæð Hamragarða, en töluvert er á milli aðila hvað varðar kaupverðið.

5. Staða umsókna og innritana á vorönn 2018

Verkefnastjóri nemendaskrár kynnir fjölda umsókna og innritana á vorönn 2018, fleiri umsóknir núna en á sama tíma í fyrra. Nú eru 10 búnir að innrita sig.

6. Fagháskólanám

Rektor kynnir að fagháskólanám í verslunarstjórnun hefjist um áramót og verði í þróun næstu tvö árin.

Deildarforseti félagsvísinda- og lagadeildar kynnir að nám í opinberri stjórnsýslu (60 ECTS)

hefjist haustið 2018, en verið er að vinna í námskrám og öðrum undirbúningi. Einnig er verið að skoða möguleika á að koma á námi í löggildingu skipamiðlara.

Rektor segir frá að LbHÍ hafi fengið styrk til að þróa nám í búrekstrarfræði í samvinnu við Háskólann á Bifröst, við munum sjá um rekstrarnámshlutann. Gæti virkað svipað og fagháskólanámið hvað skipulag varðar. Getur hugsanlega hafist í haust eða um áramótin 2018/2019.

7. Tilnefning í siðanefnd

Rektor leggur til að Margrét Vagnsdóttir launafulltrúi verði fulltrúi starfsmanna í siðanefnd stað Auðar H. Ingólfssdóttur sem hætti störfum við skólann fyrr á árinu.

8. Niðurstöður kennslumats

Framkvæmdastýra kennslu og þjónustu kynnir niðurstöður kennslumats á haustönn 2017. Almennt er útkoman góð og um 4.0.

9. Kynbundið ofbeldi í háskólasamfélaginu

Rektor kynnir yfirlýsingu vegna kynbundins ofbeldis í háskólasamfélaginu í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur í samfélaginu undanfarnar vikur.

Háskólaráð samþykkir yfirlýsinguna og verður hún kynnt hlutaðeigandi.

10. Önnur mál

- a) Framkvæmdastýra kennslu og þjónustu spyr um afmælishaldið í tilefni 100 ára afmælis skólans. Fjármálastjóri upplýsir að hann hafi rætt við formann afmælisnefndar. Rektor óskar eftir að afmælisnefndin geri grein fyrir skipulagi ársins á næsta fundi ráðsins. Nemendur óska eftir að koma að undirbúningnum og rektor leggur til að þau hafi samband við samskiptastjóra vegna þessa.

Fundi slitið kl. 13.30

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra kennslu og þjónustu